

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 16/2002

frá 1. mars 2002

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2002 frá 1. febrúar 2002⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/16/EB frá 19. mars 2001 um rekstrarsamhæfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins⁽²⁾ skal fæld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 37c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/260/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„37d. **32001 L 0016**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/16/EB frá 19. mars 2001 um rekstrarsamhæfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins (Stjtið. EB L 110, 20.4.2001, bls. 1).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/16/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 88, 4.4.2002, bls. 12 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 18, 4.4.2002, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 110, 20.4.2001, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. mars 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 1. mars 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.